

við Vatnslág“, og þaðan næstum því hornrétt niður í Laxárvatn í norðari bakka lækjaróssins, punktur A¹.

Málskostnaður fellur niður.

Laugardaginn 29. apríl 1978.

Nr. 212/1976. **Gunnar Finnbogason**

(sjálfur)

gegn

Skúla Benediktssyni og

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Árvakri h/f og

(enginn)

Skúli Benediktsson

gegn

Gunnari Finnbogasyni.

Ærumeiðingar. Ómerking ummæla. Sektorrefsing. Miskabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 3. nóvember 1976. Hefur hann uppi þessar kröfur á hendur gagnáfrýjanda, Skúla Benediktssyni:

- 1) Að ummæli þau, sem stefnt er út af, verði dæmd ómerk.
- 2) Að gagnáfrýjanda verði dæmd refsing fyrir ummælin.
- 3) Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 200.000 krónur í miskabætur og 500.000 krónur í skaðabætur, hvort tveggja með 13% ársvöxtum frá 11. nóvember 1975 til greiðsludags.
- 4) Að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Á hendur stefnda Árvakri h/f, útgefanda Morgunblaðsins, er gerð sú krafa ein, að hann verði skyldaður til að birta

væntanlegan dóm í máli þessu í 2. tölublaði blaðsins, er út kemur eftir uppkvaðningu dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 11. nóvember 1976. Krefst hann sýknu af öllum kröfum aðaláfrýjanda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Af hálfu stefnda, Árvakurs h/f, var ekki sótt þing í héraði og engar kröfur hafðar uppi. Af áfrýjunarstefnu verður eigi séð, að hún hafi verið birt stefnda, og hann sótti eigi þing hér fyrir dómi. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti að því er hann varðar, sbr. 96. gr. laga nr. 85/1936 og 58. gr. laga nr. 75/1973.

Tilfni greinar gagnáfrýjanda, er birtist í Morgunblaðinu 11. nóvember 1975 og mál þetta er af risið, var grein aðaláfrýjanda í sama blaði 2. október s. á. Kemur þar fram allhvöss gagnrýni á bók gagnáfrýjanda, Mál- og málfræðiafingar. Kveður aðaláfrýjandi svo að orði, að kaflar hókarinnar um orðtök og málshætti séu gott dæmi um það, hvernig ekki eigi að skrifa kennslubók.

Um hin átöldu ummæli verður hér á eftir fjallað í sömu röð og gert er í héraðsdómi.

1. Fallast ber á það, að ummæli þessi séu móðgandi og löguð til að meiða æru aðaláfrýjanda, eins og þau eru fram sett. Ber samkvæmt 1. málsg. 241. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 að ómerkja þessi ummæli gagnáfrýjanda, en ekki er ástæða til að refsa fyrir þau.

2. Ummæli þessi þykja óviðurkvæmleg, og ber að ómerkja þau samkvæmt 1. málsg. 241. gr. nefndra laga, en þau verða ekki talin refsiverð.

3. Millifyrirsagnirnar í grein gagnáfrýjanda „Gunnar flengir sig“ og „„Reisn“ Gunnars útgefanda — eða prang“ fela í sér móðganir og aðdróttun í garð aðaláfrýjanda, þar sem með orðinu prang er gefið í skyn, að hann beiti brögðum í viðskiptum. Þykja ummæli þessi varða við 234. gr. og 235. gr. almennra hegningarlaga. Varða þau gagnáfrýjanda refsingu, og ber að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. sömu laga.

Millifyrirsögnin „Að verma sitt hræ við annarra eld og eigna sér bráð, sem af hinum var felld,“ er, svo sem í héraðsdómi getur, tilvitnun í kvæði Einars skálds Benediktssonar.

Gagnáfrýjandi beinir vísuorðum þessum að aðaláfrýjanda í því skyni að ófrægja ham. Er notkun þeirra með þeim hætti óviðurkvæmileg og felur í sér móðgun og aðdróttun í garð aðaláfrýjanda, þannig að varðar við 234. og 235. gr. alm. hegningarlaga. Ber að refsfa gagnáfrýjanda fyrir notkun vísuorðanna í þessu skyni og ómerkja þessa notkun tilvitnunarinnar samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

4. Ummæli þessi eru niðrandi fyrir aðaláfrýjanda, og ber samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga að ómerkja þau.

5.—6. Ummæli þessi fela í sér móðgun og aðdróttun í garð aðaláfrýjanda. Verða þau ómerkt samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

7. Eins og orð þessi eru sett fram í grein gagnáfrýjanda, þykja þau niðrandi fyrir aðaláfrýjanda. Ber að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. margnefndra laga.

8. Í ummælum þessum er ekki rétt með farið og gagnrýni ekki sett fram á hlutlægan hátt. Fela þau í sér móðgun og aðdróttun. Ber að ómerkja þau samkvæmt 1. mgr. 241. gr. alm. hegningarlaga.

Refsing aðaláfrýjanda, sbr. 3. tl. hér að framan, þykir hæfilega ákveðin 8.000 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 2 daga.

Aðaláfrýjandi þykir eiga rétt til nokkurra miskabóta úr hendi gagnáfrýjanda vegna ummæla undir 3. tl. Í því sambandi ber að hafa í huga, að grein aðaláfrýjanda í Morgunblaðinu 2. október 1975 varð tilefni til greinar gagnáfrýjanda í sama blaði 11. nóvember s. á. Að þessu athuguðu þykja bætur hæfilega ákveðnar 15.000 krónur, og verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða aðaláfrýjanda fjárhæð þessa ásamt 13% ársvöxtum frá 11. nóvember 1975 til greiðsludags.

Við munnlegan málflutning í héraði lýsti aðaláfrýjandi því yfir, að hann gerði skaðabótakröfuna, kr. 500.000, sem hluthafi í Valfelli h/f, en það fyrirtæki gefur út bækur hans. Af hálfu

stefnda var þá krafist sýknu af kröfu þessari vegna aðildar-skorts aðallega, en til vara af þeim ástæðum, er getur í héraðsdómi. Aðaláfrýjandi sýndi ekki í héraði fram á heimild til að hafa uppi kröfu þessa vegna Valfells h/f og hefur eigi heldur rennt stoðum undir, að hann hafi sjálfur beðið fjárhagslegt tjón vegna skrifa gagnáfrýjanda. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af kröfu þessari.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar og dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 60.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er stefnda, Árvakur h/f, varðar.

Gagnáfrýjandi, Skúli Benediktsson, greiði 8.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald tvo daga í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Framangreind ummæli skulu ómerk.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda, Gunnari Finnbogasyni, miskabætur, kr. 15.000 ásamt 13% ársvöxtum frá 11. nóvember 1975 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi á að vera sýkn af framangreindri skaðabótakröfu í máli þessu.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málskostnaðar á að vera óraskað.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, 60.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. október 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 8. þ. m., hefur Gunnar Finnbogason, cand. mag., Þykkvabæ 16, Reykjavík, höfðað fyrir

bæjarþinginu með stefnu, birtri 15. og 25. mars 1976, á hendur Skúla Benediktssyni kennara, Fjarðarstræti 7, Ísafirði, og Árvakri h/f, Aðalstræti 6, Reykjavík (Árvakur h/f er útgefandi Morgunblaðsins).

Í Morgunblaðinu fimmtudaginn 2. október 1975 birtist grein eftir stefnanda undir fyrirsögninni: „Söngurinn um skólabækurnar“. Fjallar grein þessi almennt um kaup á skólabókum og kostnað í sambandi við það. Í grein þessari segir m. a. svo:

„Ég get líka sagt að mér finnst það nokkuð dýr kennslubók Íslensk setningarfræði eftir Björn Guðfinnsson (útg. Ísafold) 64 bls., lélegur pappír og lin spjöld, á kr. 474,00. Bók þessi er fyrst gefin út 1938. Til samanburðar má geta nýrrar bókar, Mál- og málæfingar eftir Skúla Benediktsson (útg. Skuggsjá), 138 bls., misjafnlega vel unnin, hvergi er feitt letur, ekkert efnisyfirlit en þó eru fjórar blaðsíður auðar aftast, og kaflarnir um orðtök og málshætti eru gott dæmi um það hvernig ekki á að skrifa kennslubók. Þessi bók kostar kr. 1.080,00. Að mínum dómi er þessi bók fremur dýr.“

Þriðjudaginn 11. nóvember 1975 birtist grein í Morgunblaðinu, undirrituð af stefnda, Skúla Benediktssyni. Grein þessi ber fyrirsögnina: „Söngur Gunnars Finnbogasonar“. Telur stefnandi ritsmíð þessa hafa að geyma ærumeiðandi ummæli og aðdróttanir um sig, álitur sér skylt að láta ómerkja með dómi þau ummæli í ritsmíðinni, sem mest séu meiðandi, en þau eru eftirfarandi:

- „1. „Grein hans lýsir slíku hugarfari að ég efast um að nokkur útgefandi hvað þá skólastjóri léti annan eins samsetning frá sér fara. Þá er greinin augsýnilega skrifuð í bræði.“
2. „Annað sem hann segir um bókina eru órökstuddir sleggjudómar.“
3. Millifyrirsagnir greinarinnar, það er „Gunnar flengir sig“, „„Reisn“ Gunnars útgefanda — eða prang“, „Að verma sitt hræ við annarra eld, og eigna sér bráð sem af hinum var felld.“
4. „Í bræði sinni þegar hann skrifaði grein sína“.
5. „Svívirðileg móðgun við kennara úti á landi.“
6. „Ég hef ekki fleiri orð um þetta tiltæki Gunnars að læða gömlu upplagi bóka sinna inn í skóla úti á landi.“
7. „Þessar tölur fésýslumannsins.“
8. „Eitt sýnir þó vel hve glöggur fræðimaður Gunnar er. Í báð- um bókunum, sem ég fékk í hendur haustið 1973, telur hann upp átta tíðir sagna í framsöguhætti.““

Dómkröfur stefnanda á hendur stefnda Skúla Benediktssyni eru þessar:

Að framanrituð orð í grein hans í Morgunblaðinu hinn 11. nóvember 1975 verði dæmd dauð og ómerk.

Að honum verði gert að þola vegna ummæla þessara þyngstu refsingu, sem lög standa til.

Að stefnda verði gert að greiða stefnanda vegna hinna æru-meiddandi ummæla kr. 200.000 í miskabætur og kr. 500.000 í skaðabætur.

Á hendur meðstefnda, Árvakri h/f, gerir stefnandi þær dómkröfur, að hlutafélagið sem útgefandi Morgunblaðsins láti birta í því blaði væntanlegan dóm í máli þessu í öðru tölublaði, eftir að dómur fellur, með sama letri í fyrirsögn og á jafnáberandi stað og valin var ritsmíð Skúla Benediktssonar í blaðinu hinn 11. nóvember 1975.

Kröfur sínar byggir stefnandi einkum á ákvæðum almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 234.—237. gr. og 241. gr. og á ákvæðum laga nr. 57/1956 um prentrétt, 22. gr.

Verður nú nánar vikið að rökstuðningi stefnanda fyrir kröfum hans á hendur stefnda Skúla Benediktssyni.

Stefnandi bendir á, að í grein stefnda Skúla Benediktssonar, er birtist í Morgunblaðinu hinn 11. nóvember 1975, hafi fyrirsögninni: „Söngur Gunnars Finnbogasonar“ verið valið sérlega stórt letur efst á blaðsíðu 28 og til enn frekari áherslu hafi greininni verið skipt með áberandi millifyrirsögnum. Enginn vafi leiki á því, að greinarhöfundur beini greininni að stefnanda máls þessa, er sé cand. mag. í norrænum fræðum frá Háskóla Íslands að mennt, gegni starfi sem skólastjóri gagnfræðaskóla í Reykjavík og hafi gefið út námsbækur handa framhaldsskólum almennt um málfræðikennslu og ritun íslenskrar tungu.

Stefnandi telur, að hin tilvitnuðu ummæli séu stórlega æru-meiddandi og móðgandi, einkum þegar tillit sé tekið til þess, hvern starfa hann hafi með höndum, og ummælin hljóti auk þess að verka sem hemill á sölu bókanna. Hlutafélagið Valfell h/f gefur út þær námsbækur í íslensku, er stefnandi hefur ritað. Stefnandi er hluthafi í útgáfufyrirtækinu.

Stefnandi telur, að þegar hver hinna tilvitnuðu málsgreina er athuguð svo og tónn þeirra í heild, fari eigi á milli mála, að hér sé um að ræða óviðurkvæmileg ummæli, ugglaust sett fram gegn betri vitund og í þeim tilgangi að gera stefnanda tortryggilegan og lítilsvirtan í augum nemenda sinna svo og allra annarra nem-

enda, er bækur hans lesa, og allra kennara, er noti fræðibækur hans við kennslustörfin. Augljóslega einnig til þess að draga úr notkun bókanna.

Í greinargerð stefnda Skúla Benediktssonar er á það bent, að upphaf máls þessa hafi verið grein stefnanda í Morgunblaðinu 2. október 1975 undir fyrirsögninni: „Söngurinn um skólabækurnar“. Í grein þessari, sem virðist eiga að fjalla almennt um skólabækur, víki stefnandi málsins að nýútkominni kennslubók eftir stefnda Skúla Benediktsson, þar sem stefnandi án nokkurs rökstuðnings telji bókina gott dæmi um, hvernig ekki eigi að skrifa kennslubók. Auk þess sem hann telji hana fremur dýra. Af þessu sé ljóst, að stefnandi máls þessa hafi með þessum skrifum sínum verið að reyna að koma í veg fyrir, að bók þessi yrði keypt til notkunar við kennslu.

Grein þessari hafi stefndi Skúli Benediktsson svarað í Morgunblaðinu hinn 11. nóvember 1975. Út af nokkrum ummælum í þeirri grein um stefnanda máls þessa og kennslubækur hans hafi stefnandi höfðað mál þetta bæði til ómerkingar tilgreindra ummæla og refsingar fyrir þau svo og til greiðslu miska- og skaðabóta að fjárhæð kr. 700.000.

Stefndi Skúli Benediktsson getur ekki fallist á það, að nokkuð það, sem standi í grein hans, sem haldið er fram í greinargerð stefnda, að sé rökstuddur ritdómur um skólabækur stefnanda, sé ærumeiðandi fyrir stefnanda.

Verður nú farið yfir hin einstöku ummæli, er stefnandi krefst ómerkingar á í stefnu, og þau tekin fyrir í sömu röð og gert er hér að framan.

1. Með orðunum „slíku hugarfari“, „hvað þá skólastjóri“, „annan eins samsetning“, „skrifað í bræði“ telur stefnandi, að sé gerð frekleg tilraun til þess að lítillækka sig sem skólastjóra og sé það alvarlegt brot hjá stefnda, þegar um sé að ræða jafnvíðlesið blað og Morgunblaðið er.

Dómarinn fellst á það með stefnanda, að framangreind ummæli séu ærumeiðandi og móðgandi fyrir hann. Þau varða við 234. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, enda hafa þau ekki verið réttlætt í varnargögnum stefnda. Verða ummæli þessi því dæmd dauð og ómerk skv. 241. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Stefnandi telur, að í þessum ummælum sé tekið svo djúpt í árinni um ritgerð hans í heild, að eigi verði við unað, og krefst hann því ómerkingar.

Af hálfu stefnda Skúla Benediktssonar er bent á það, að orðum

stefnanda um bók stefnda í grein þeirri, er birtist í Morgunblaðinu 2. október 1975, fylgi enginn rökstuðningur eða dæmi.

Þegar höfð eru í huga varnarrök stefnda út af þessu sakaratriði, þykir dóminum ekki efni til að ómerkja hin tilvitnuðu ummæli undir þessum lið.

3. Stefnandi heldur því fram, að millifyrirsagnirnar í sambandi við þennan lið séu vægast sagt frekleg aðdróttun og því alvarlegri sem þeim sé gefið sérstakt svart letur og mikið rými. Þar sé því dróttað að stefnanda, að hann sé prangari, þ. e. okrari, og að hann sem bókahöfundur (hin tilvitnuðu orð úr „Fróðárhirðin“ eftir Einar Benediktsson verði ekki skilin á annan veg en þann) notfæri sér annarra manna verk sem hræðýr rándýrabráð.

Í hinum tilvitnuðu ummælum í stefnu undir þessum lið er móðgunum og ærumeiðandi aðdróttunum beint að stefnanda. Orð þessi varða við 234. og 235. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Þegar orð Einars Benediktssonar eru lesin í samhengi við annað, sem þarna er ritað í greininni, ber að ómerkja þau, enda hafa þau á engan hátt verið réttlætt af hálfu stefnda. Samkvæmt þessu skulu hin tilvitnuðu orð undir þessum lið vera dauð og ómerk, sbr. 241. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

4. Hér telur stefnandi, að enn beri að sama brunni og undir fyrsta lið, þar sem því sé dróttað að sér, að hann hafi skrifað ritgerð sína í bræði.

Dómarinn telur ummæli þessi móðgandi um stefnanda. Varða þau við 234. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Orð þessi hafa ekki verið réttlætt af hálfu stefnda, og ber að dæma þau dauð og ómerk, sbr. 241. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

5. Stefnandi bendir á, að kennarar úti á landi noti bækur hans og það sé mikils virði fyrir hann sem bókahöfund, að samband hans við þá sé sem best. Því sé það mjög meiðandi og saknæmt, er stefndi beri honum á brýn, að hann hafi framið svívirðilega móðgun við þessa kennara.

Af hálfu stefnda er sú varnarástæða borin fram, að í grein sinni í Morgunblaðinu 2. október 1975 telji stefnandi, að það sé reisin hvers kennara að kenna bækur á nýju stafsetningunni. Samt hafi stefnandi svo sjálfur sent dreifbýlingum gamla útgáfu, auðvitað á gömlu stafsetningunni. Hann virðist því ekki meta hátt reisin kennara úti á landi. Þessu til áréttingar vitnar stefndi í vottorð, undirritað af Gunnlaugi Jónassyni f. h. Bókaverslunar Jónasar Tómassonar á Ísafirði. Vottorð þetta er dags. 5. apríl 1976. Það

hljóðar svo: „Hér með er staðfest, að Bókaútg. Valfell sendi undirrituðum í október 1975 40 eint. af Málið mitt, 1. útg. Af gefnu tilefni skal það upplýst, að bókin var pöntuð á venjulegan hátt í símtali og var meirihluti umræddra eintaka seldur Héraðsskól-anum að Reykjanesi við Ísafjarðardjúp.“

Við munnlegan flutning málsins upplýsti stefnandi, er flutti mál sitt sjálfur, að framangreind bókaverslun hefði óskað eftir að fá fyrstu útgáfu af bókinni „Málið mitt“. Af hálfu stefnda hefur þessi fullyrðing ekki verið afsönnuð. Í hinum tilvitnuðu ummælum felst móðgun og ærumeiðandi aðdróttun fyrir stefnanda. Ummælin varða við 234. gr. og 235. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Þau hafa ekki verið réttlætt. Verða þau því dæmd dauð og ómerk, sbr. 241. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

6. Stefnandi telur, að hér beri að sama brunni og millifyrirsögnin um prangið gefi í skyn, að hann hafi með ótilhlýðilegum hætti reynt að fá skóla úti á landi til að kaupa bækur sínar. Þetta sé ósatt og ósæmilegt af stefnda að varpa slíku fram á prenti.

Með vísan til rökstuðnings í sambandi við 5. lið hér að framan ber að dæma hin tilvitnuðu orð undir þessum lið dauð og ómerk.

7. Stefnandi bendir á það, að ennþá komi stefndi fram með þá ásökun, að stefnandi sé okrari, og beri því að ómerkja orðið „fésýslumaður“ eins og það sé sett fram.

Þegar orðið fésýslumaður er lesið í því samhengi, sem það hefur verið sett í, þykir mega fallast á það með stefnanda, að það sé niðrandi um hann og varði við 234. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að dæma orðið „fésýslumaður“ í þessum tilvitnuðu ummælum dautt og ómerkt, sbr. 241. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

8. Stefnandi heldur því fram, að ranghverfa þeirra ummæla, sem birtist undir þessum lið, liggi í augum uppi, ef grein stefnda sé borin saman við grein stefnanda í Morgunblaðinu hinn 2. október 1975, er virðist hafa gefið stefnda tilefni til þessarar rit-smíðar. Ummælin séu hins vegar uppspuni einn. Hvergi séu taldar upp tíðir sagna í bókinni „Málið mitt“. Í hinni bókinni „Íslenska í gagnfræðaskóla 3. og 4. bekkur“ segi að vísu, að tíðir sagna séu átta, en hvergi sé minnst á þá fráleitu hugdettu, að átta séu tíðir í framsöguhætti, heldur sé „sagt frá tíðum sagna samkvæmt hefð-bundinni venju í málfræðibókum.“

Í hinum tilvitnuðu ummælum felast móðgun og ærumeiðandi aðdróttun um stefnanda þess efnis, að hann sé lélegur fræðimaður. Stefndi hefur engar sönnur getað fært á þessi ummæli,

er teljast varða við 234. gr. og 235. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940. Ber því að dæma hin tilvitnuðu ummæli dauð og ómerk skv. 241. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940.

Um refsikröfu stefnanda.

Svo sem fyrr var að vikið, hefur stefnandi gert þá kröfu, að stefnda Skúla Benediktssyni verði gert að þola vegna framan-greindra ummæla þyngstu refsingu, sem lög standa til. Þegar það er haft í huga, að í grein stefnanda, þeirri er birtist í Morgunblaðinu 2. október 1975 undir fyrirsögninni „Söngurinn um skólabækurnar“, veitist stefnandi að tilefnislausu að stefnda Skúla Benediktssyni. Þeirra orða hefnir stefndi Skúli Benediktsson síðan í grein þeirri, er birtist í Morgunblaðinu hinn 11. nóvember 1975 undir fyrirsögninni „Söngur Gunnars Finnbogasonar“. Þegar þetta er haft í huga svo og ákvæði 239. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, verður stefnda Skúla Benediktssyni ekki refsað fyrir framangreind ummæli.

Um fébótakröfur stefnanda.

Hér krefur stefnandi stefnda um fébætur vegna hinna ærumeiðandi ummæla, kr. 200.000 í miskabætur og kr. 500.000 í skaðabætur. Byggir stefnandi skaðabótakröfu sína á því fjártjóni, sem hann hafi orðið fyrir vegna þverrandi sölu kennslubóka hans, eftir að grein stefnda birtist, og í greinargerð stefnanda er fullyrt, að hann muni leiða fram sannanir fyrir þessu, ef haldið verði uppi vörnum í málinu.

Stefndi byggir sýknukröfu sína í fyrsta lagi á því, að hann hafi skrifað grein sína að gefnu tilefni vegna greinar stefnanda, er birtist í Morgunblaðinu 2. október 1975. Þar hafi stefnandi kallað yfir sig óvægið svar. Telur stefndi fráleitt, að rökstuddur ritdómur um bækur, sem ef til vill kunni að draga úr sölu þeirra, geri ritdómara ábyrga fyrir slíku tjóni. Þá bendir stefndi enn fremur á það, að er svargrein hans hafi birst hinn 11. nóvember 1975, hafi sölu skólabóka að mestu eða öllu leyti verið lokið það árið. Að endingu mótmælir stefndi fjárkröfum stefnanda sem ósönnuðum og örökstuddum.

Þegar það er haft í huga, að stefnandi var sjálfur upphafsmaður að þessum leiðindaskrifum, svo og það, hvernig mál þetta er að öðru leyti vaxið, þykja ekki efni til að dæma stefnanda miskabætur. Þótt tekið hafi verið til varna út af skaðabótakröfu stefnanda, hefur hann hvorki fært sönnur á né gert nægilega

sennilegt, að framangreind skrif Skúla Benediktssonar hafi valdið honum fjárhagslegu tjóni. Verður stefndi Skúli Benediktsson því sýknaður bæði af miska- og skaðabótakröfu stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum verður stefndi Skúli Benediktsson dæmdur til að gjalda stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 30.000.

Af hálfu Árvakurs h/f hefur eigi verið sótt þing í máli þessu. Er mál þetta því flutt og dæmt gagnvart þessum stefnda samkvæmt framlögðum skjölum og skilríkjum eftir 118. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85 frá 23. júní 1936. Dómkröfur stefnanda á hendur Árvakri h/f, sem er útgefandi Morgunblaðsins, eru þær, að birtur verði í blaðinu dómur í máli þessu í 2. tbl. eftir dómsuppsögu með sama letri í fyrirsögn og á jafnáberandi stað og valin var ritsmíð Skúla Benediktssonar í blaðinu hinn 11. nóvember 1975.

Með vísan til 22. gr. laga nr. 57/1956 um prentrétt er stefnda Árvakri h/f skylt að birta dóm þennan í 2. tbl. Morgunblaðsins, er út kemur eftir að dómur fellur í máli þessu, með sama letri í fyrirsögn og á jafnáberandi stað og valin var ritsmíð stefnda Skúla Benediktssonar í Morgunblaðinu hinn 11. nóvember 1975.

Í greinargerð stefnanda er því haldið fram, að ummæli stefnda í margnefndri grein um stefnanda og bækur hans séu „ugglaust sett fram gegn betri vitund“. Krefst lögmaður stefnda Skúla Benediktssonar, að dómariinn víti þessi ummæli.

Eins og grein þessi er rituð, getur dómariinn ekki tekið þessa kröfu lögmanns stefnda Skúla Benediktssonar til greina.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Framangreind ummæli í grein Skúla Benediktssonar, er birtist í Morgunblaðinu hinn 11. nóvember 1975 undir fyrirsögninni „Söngur Gunnars Finnbogasonar“, eru dæmd dauð og ómerk.

Stefndi Skúli Benediktsson greiði stefnanda, Gunnari Finnbogasyni, kr. 30.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi Skúli Benediktsson á að vera sýkn af refs- og fébótakröfum stefnanda í máli þessu.

Birta skal dóm þennan í 2. tbl. Morgunblaðsins, sem út

kemur eftir dómsuppkvaðningu, með sama lettri í fyrirsögn og á jafnáberandi stað og valin var ritsmíð Skúla Benedikts-sonar í Morgunblaðinu hinn 11. nóvember 1975.

Þriðjudaginn 2. maí 1978.

Nr. 109/1977. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson rikissaksóknari)

gegn

Andrésí Þórðarsyni

(Árni Guðjónsson hrl.).

Tollgábrot. Sýknað af ákæru um skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Telja verður sannað í máli þessu, að bifreið sú, sem ákærði flutti hingað til lands í september 1974, hafi verið af gerðinni Opel Commadore, en eigi af gerðinni „Opel Rekord“, svo sem greinir í aðflutningsskýrslu þeirri, sem lögð var fyrir tollgæslufirvöld við innflutning bifreiðarinnar og ákærði undirritaði.

I.

Ákæra fyrir brot á 1. málsg. 155. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er sakaður um að hafa beitt fyrir sig þremur skjölum, sem fölsuð hafi verið, sem fylgiskjölum með aðflutningsskýrslu, er hann undirritaði 7. október 1974 og lögð var af hans hálfu fyrir tollgæslufirvöld hér á landi. Fyrir Hæstarétti er það eigi meðal ákæruefna samkvæmt yfirlýsingu rikissaksóknara, að ákærði hafi sjálfur breytt efni skjalanna, en hins vegar hafi honum verið kunnugt um breytingar og allt